

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

**Efni:** *Staða fatlaðs fólks í Reykjavík sem er í þörf fyrir húsnæði og stuðning á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.*

### Forsaga:

Samkvæmt lögum ber Reykjavíkurborg að tryggja framboð af viðeigandi húsnæði og stuðningi til fatlaðs fólks. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Á fundi borgarráðs 11. ágúst 2022 var endurskoðuð uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk samþykkt og vísað til gerðar fjárhagsáætlunar og fjárfestingaráætlunar. Við framvindu og fjármögnun áætlunarinnar skyldi tekið mið af samningaviðræðum við íslenska ríkið um fjármögnun málaflokksins í heild sinni. Tilgangur uppbyggingaráætlunar fyrir fatlað fólk er að bæta umhverfi og stuðning til fatlaðs fólks og gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi.

### Greinargerð:

Nú búa 502 einstaklingar í húsnæði fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg en í byrjun árs 2011 voru þeir 219. Uppbygging húsnæðis og stuðnings hefur því verið talsverð frá yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélags.

Tafla 1. Fjöldi einstaklinga í húsnæði fyrir fatlað fólk í mars 2023, skipt eftir þjónustuflokkum.

	Geðfötlun	Þroskahömlun	Samtals
Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk - Flokkur I	24	75	99
Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk - Flokkur II	27	71	98
Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk - Flokkur III	64	83	147
Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk - Flokkur IV	1	28	29
Liðsaukinn	4	13	17
Húsnæði með stuðningi	67	45	112
<b>Samtals</b>	<b>187</b>	<b>315</b>	<b>502</b>

Þrátt fyrir öfluga uppbyggingu húsnæðis og stuðnings fyrir fatlað fólk á umliðnum árum eru í júní 2023, 130 einstaklingar á bið eftir húsnæði og stuðningi við hæfi. Þá eru 26 einstaklingar að koma inn á biðlista í sumar og verða þá 156 einstaklingar á bið. Aðstæður þessara einstaklinga eru mismunandi en allir eru þeir í þörf fyrir húsnæði og stuðning. Jafnframt eru 44 einstaklingar á bið eftir milliflutningi.



Tafla 2. Fjöldi einstaklinga sem eru á biðlista eftir heimili fyrir fatlað fólk, maí 2023.

	Geðfötun	Þroskahömlun	Samtals
Sértækt húsnæði - Flokkur I	4	13	17
Sértækt húsnæði - Flokkur II	3	24	27
Sértækt húsnæði - Flokkur III	14	25	39
Sértækt húsnæði - Flokkur IV	0	7	7
Sértækt húsnæði - Liðsaukinn	4	2	6
Húsnæði með stuðningi	10	24	34
<b>Samtals</b>	<b>35</b>	<b>95</b>	<b>130</b>

Af hálfu fatlaðs fólks og aðstandenda er ákall um að fá áætlun um hvenær boð um húsnæði fyrir fatlað fólk verður að veruleika, sbr. 8. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016. Þann 16. júní 2021 féll dómur í máli nr. E-2712/2020 í héraðsdómi þar sem Reykjavíkurborg var dæmd til greiðslu miskabóta, þar sem ekki hafði verið sett fram áætlun og viðkomandi upplýstur um hvenær hann mætti vænta úthlutunar húsnæðis. Þá hafa Landssamtökin Þroskahjálp nýverið sent erindi þar sem farið er fram á upplýsingar um þá einstaklinga sem eru í sambærilegri stöðu og aðili máls í framangreindu dómsmáli í þeim tilgangi að gæta hagsmuna þeirra.

Nú er unnið að gerð einstaklingsbundinna áætlana um útvegum viðeigandi húsnæðis og stuðnings fyrir þá einstaklinga sem eru á biðlista. Þar sem fjármögnun endurskoðaðrar uppbyggingaráætlunar liggur ekki fyrir hafa þessar áætlanir ekki verið kynntar fyrir umsækjendum.

Mikilvægt er að samþykkt uppbyggingaráætlun verði fjármögnuð að fullu. Viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málaflokksins í heild standa yfir og gert er ráð fyrir að starfshópur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga skili tillögum í ágúst 2023.

Af þeim 130 sem eru á bið eftir húsnæði og stuðningi eru margir í erfiðri stöðu og fjölskyldur komnar í þrot. Þá er vandi fatlaðra einstaklinga sem ekki geta búið í hefðbundnu íbúðakjarnafyrirkomulagi mikill. Um er að ræða einstaklinga með geðsjúkdóma og/eða þroskahömlun ásamt áfengis- og/eða vímuefnavanda.

Það er mat skrifstofu málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði að brýnt sé að bregðast við þessari stöðu og tryggja að ekki verði rof í þeirri uppbyggingu sem unnið hefur verið að á undanförunum árum. Mat sérfræðinga á miðstöðvum borgarinnar er að 47 manns á bið eftir húsnæði og stuðningi séu í alvarlegri stöðu og hafa í lengri tíma búið við óviðunandi aðstæður. Þá eru 12 einstaklingar í þörf fyrir tafarlaugar úrbætur. Brýnt er að vinna með þá flóknu stöðu sem nú er uppi, leita nýrra lausna, styrkja þjónustu á biðtíma og veita fólki skýr svör.

Fylgiskjöl:

Tillaga borgarstjóra dags. 9. ágúst 2022 um endurskoðaða uppbyggingaráætlun

Bréf Magna fyrir hönd Þroskahjálpar dags. 29. mars 2023

Bréf Magna fyrir hönd Þroskahjálpar dags. 8. maí 2023

Fundargerð frá fundi Þroskahjálpar og Velferðarsviðs dags. 11. maí 2023

Svarbréf Reykjavíkurborgar 24. maí 2023

Dómur héraðsdóms í máli nr. E-2712/2020 dags. 16. júní 2021